

September 2009



Rannsóknasjóður Hrafnistu



Nafn sjóðsins:

Sjóðurinn heitir „Rannsóknasjóður Hrafnistu“ og er í eigu Sjómannadagsráðs Reykjavíkur og Hafnarfjarðar.

Markmið:

Eitt að meginmarkmiðum sjóðsins er að stuðla að nýjungum og þróun í málefnum aldraða. Sjóðurinn er opinn öllum þeim sem að stunda rannsóknir, formlegt nám eða hvað annað sem mun efla þennan málaflokk hér á landi.

Tekjur:

Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög frá velunnurum Sjómannadagsráðs/Hrafnistu og ávöxtun fjármuna sjóðsins. Ekki er um fastan tekjustofna að ræða.

Stjórn:

Stjórn sjóðsins er skipuð til þriggja ára í senn, tveimur fulltrúum frá Sjómannadagsráði Reykjavíkur og Hafnarfjarðar og þremur fulltrúum frá Hrafnistu (tilnefndum af framkvæmdastjórn). Allar breytingar og viðbætur við þessa reglugerð skulu samþykktar af Sjómannadagsráði og framkvæmdastjórn Hrafnistu.

Úthlutun:

Bæði einstaklingar og fyrirtæki geta sótt um í sjóðinn og er hann opinn bæði starfsmönnum Hrafnistu og almennungi. Að öllu jöfnu skal veita tvo styrki á ári, annan til starfsmanna Hrafnistu og hinn til aðila utan Hrafnistu.

Með hverri umsókn skal fylgja:

- stutt lýsing á verkefninu
- tíma- og kostnaðaráætlun
- aðrir styrkir sem sótt er um fyrir sama verkefni

Stjórn sjóðsins er ekki heimilt ráðstafa framlögum úr sjóðnum umfram það sem hér er tilgreint. Hámarks upphæð úthlutunar er sú upphæð er verðbætur og vextir frá fyrra ári skapa, að frádregnum fjármagnstekjuskatti.

Í september ár hvert auglýsir sjóðurinn eftir umsóknum í sjóðinn. Stjórn sjóðsins tekur ákvörðun hverju sinni hvernig auglýsingum um umsóknir um styrki skuli háttað.

Fjárfestingastefna:

Sjóðinn skal ávaxta á bankareikningum á eins öruggan hátt og mögulegt er. Prókúruhafi sjóðsins er forstjóri Sjómannadagsráðs.